

Miðvikudaginn 7. júní 1972.

Nr. 110/1971. **Soffía Haraldsdóttir**
 (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Dagfinni Stefánssyni
 (Sigurður Hafstein hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Einar Ingimundarson sýslumaður.

Búskipti. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1971. Krefst hún þess, að við fjárskipti þau milli þeirra stefnda, sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, verði henni 1. dæmdar að óskiptu kr. 335.000.00 úr búi þeirra stefnda, 2. að séreign stefnda verði talin hálf húseignin nr. 41 við Sólheima í Reykjavík, 3. að hlutabréf í Loftleiðum h/f, að nafnverði kr. 50.000.00, og þau ein, verði talin séreign stefnda og 4. að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru reifuð í hinum áfrýjaða úrskurði.

Í bréfi frá Loftleiðum h/f til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns frá 12. júlí 1971 er frá því greint, að stefndi hafi greitt hlutabréf, útgefin 1. september 1960, að nafnverði kr. 200.000.00, með vixli til greiðslu 15. apríl 1962. Vixill þessi hafi verið framlengdur þann dag, að því er varðar kr. 90.000.00, til greiðslu 31. desember 1962. Í skiptadómi Reykjavíkur 8. júlí 1971 voru bréf þessi skráð og þess getið, að þau séu gefin út 1. september 1961.

I.

Um 1. og 2. kröfu áfrýjanda.

Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, og ber því án tillits

tíl annarra málsástæðna að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjanda úrskurðar um, að áfrýjandi hljóti kr. 335.000.00 að óskiptu úr búi þeirra stefnda við fjárskipti vegna lögskilnaðar þeirra svo og að hálf húseignin nr. 41 við Sólheima í Reykjavík teljist séreign stefnda við fjárskipti þessi.

II.

Um 3. kröfu áfrýjanda.

Samkvæmt kaupmála þeirra áfrýjanda og stefnda frá 12. marz 1960, sem tilkynntur var til kaupmálabókar 27. apríl s. á. og skráður var sama dag, skyldu hlutabréf í Loftleiðum h/f, að nafnverði kr. 50.000.00, verða séreign stefnda svo og öll þau hlutabréf í hlutafélagi þessu, sem hann síðar kynni að eignast. Í ljós er leitt, að við gerð kaupmálans og skráningu hans síðar átti stefndi hlutabréf í Loftleiðum h/f, að nafnverði kr. 43.000.00. Hinn 18. janúar 1958 var ráðin hlutfjárukning í nefndu hlutafélagi, og benda sakargögn til þess, að stefndi hafi þegar í þeim mánuði skrifað sig fyrir hlutabréfum að nafnverði kr. 250.000.00 af þessum hlutfjáruka. Er sýnt, að stefndi fékk í sinn hlut hlutabréf að fjárhæð kr. 200.000.00 samkvæmt áskriftinni. Samkvæmt gögnum máls verður við það að miða, að kaupverð hlutabréfa þessara hafi stefndi goldið af sínu eigin fé án framlags frá áfrýjanda.

Af þeim sökum verður að hafna þeirri kröfu áfrýjanda, að það ákvæði kaupmálans, sem lýtur að væntanlegri hlutfjáreign stefnda, sé að vettugi virðandi samkvæmt 3. málsgrein 30. gr. laga nr. 20/1923.

Svo sem rakið var, verður enn fremur við það að miða, að stefndi hafi skrifað sig fyrir hlutfjáruka í Loftleiðum h/f, áður en til kaupmálans var stofnað, og að hann ætti hlutafé í vændum. Var sú áskrift efni þess samkvæmt skýrslu hans, að ákvæði var tekið í kaupmálann um, að það hlutafé, sem stefndi eignaðist síðar, skyldi verða séreign hans. Ekki var þá ráðið, hversu mikið hlutafé kæmi í hlut stefnda, og er því skiljanlegt, að sú fjárhæð væri eigi greind í kaupmálanum. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, skýrði áfrýjandi svo frá fyrir skiptadómi, að henni hafi verið kunn-

ugt sumarið 1959, að stefndi hefði hug á hlutafjárkaupum í Loftleiðum h/f. Lögmaður hennar, sem þá var, kveðst og hafa gengið úr skugga um á árinu 1959, að stefndi hefði ritað sig fyrir hlutafé í hlutafélaginu, en á því ári fóru fram fjárskipti milli þeirra hjóna vegna skilnaðar þeirra að borði og sæng, og telur hann sig hafa skýrt áfrýjanda frá þessu. Þegar þessi aðdragandi kaupmálans er virtur og að öðru leyti með vísan til hins áfrýjaða úrskurðar, verður að telja, að áfrýjanda hafi eigi getað dulizt, að hlutafé það, að nafnverði kr. 200.000.00 í Loftleiðum h/f, sem kom í hlut stefnda, ætti að verða séreign hans samkvæmt kaupmálanum og að þessi hafi því verið tilætlun aðilja. Af sömu sökum er réttmætt að túlka kaupmálann svo, að hann taki einnig til jöfnunarhlutabréfa, sem út voru gefin 1. desember 1966, að fjárhæð kr. 486.000.00, sbr. og 3. tölulið 23. gr. laga nr. 20/1923.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 12. júlí 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var endanlega til úrskurðar 8. þ. m. hér í skiptaréttinum að framfarandi sáttaumleitan og munnlegum málflutningi, hafði áður verið tekið til úrskurðar 3. f. m. að framförnum munnlegum málflutningi, en síðan endurupptekið að hlutan dómsins og frekari upplýsinga aflað. Málið er risið út af búskiptum vegna hjónaskilnaðar Soffíu Haraldsdóttur og Dagfinns Stefánssonar flugstjóra, sem síðast áttu sameiginlegt heimili að Sólheimum 41 hér í borg.

Maðurinn, sem er sóknaraðili, gerir þær kröfur, að við skipti á félagsbúi aðilja, sem er undir opinberum skiptum hér í skiptaréttinum, verði hálf húseignin nr. 41 við Sólheima, Reykjavík, talin séreign hans og óviðkomandi félagsbúinu, sömuleiðis öll

hlutabréfin í Loftleiðum h/f, sem skráð eru á hans nafn, sem samkvæmt hluthafaskrá Loftleiða séu nú talin að nafnverði kr. 729.000.00. Loks krefst sóknaraðili þess aðallega, að réttur hans í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna teljist séreign hans og félagsbúinu óviðkomandi, en til vara, að þau réttindi skiptist að jöfnu milli aðilja miðað við verðgildi þeirra, eins og þau voru 28. febrúar 1968, þegar aðiljar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Þá er krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins úr hendi gagnaðilja.

Konan, varnaraðili málsins, gerir þær réttarkröfur, að hún fái að afnámi (óskiptu) kr. 335.000.00, að séreign sóknaraðilja verði talin hálf húseignin nr. 41 við Sólheima og hlutabréf í Loftleiðum h/f að nafnverði kr. 50.000.00 og annað ekki og að sóknaraðilja verði gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu.

Dómur hefur áður gengið í máli þessu hér í skiptaréttinum, það er 21. maí 1969. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og gekk dómur í því máli 22. júní 1970, en þar var héraðsdómsúrskurðurinn úr gildi felldur og málinu vísað til skiptaréttarins til meðferðar að nýju. Málið var síðan tekið upp í skiptaréttinum að nýju, og hefur farið fram framhaldsgagnasöfnun og málið sótt og varið að nýju og málið lagt í dóm að framfarinni árangurslausri sáttaumleitan og munnlegum málflutningi.

Í skjölum þessa máls er upplýst, að aðiljar þess gengu í hjónaband 27. marz 1954. Með leyfisbréfi, dags. 19. september 1959, fengu hjónin skilnað að borði og sæng, sbr. dskj. nr. 11, og var þá gerður skriflegur samningur með þeim hjónum, dags. 16. september 1959, um forræði og framfærslu barnanna tveggja, sem þau áttu, um framfærslueyri til konunnar, meðan skilnaður að borði og sæng stæði og búskipti, það er skipti á eignum, og hver sæi um greiðslu skulda búsins. Samkvæmt því tók maðurinn á sig greiðslu allra skulda félagsbúsins og skatta og útsvars á árinu 1959. Maðurinn fær í sinn hlut fasteign búsins að Sólheimum 41, hlutabréf í Loftleiðum h/f, erlendar innstæður og enn fremur bækur sínar og persónulega muni. Innanstokksmunum skyldi skipt að jöfnu milli hjónanna. Þá segir svo í samningnum: „Maðurinn greiði konunni hinn 1. október 1959 kr. 120.000.00 og hinn 15. desember 1959 kr. 80.000.00. Fyrir síðari greiðslunni samþykkir maðurinn víxil með fyrrgreindum gjalddaga. Vextir reiknast ekki af víxli þessum til gjalddaga.

Maðurinn gefi út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 95.000.00. Bréf

Þetta greiðist upp með jöfnum afborgunum á fimm árum, beri 7% ársvexti, er greiðist eftir á. Bréfið verði tryggt með veðrétti í Sólheimum 41. Skuldabréf þetta fái konan. Maðurinn greiði konunni hinn 28. febrúar 1960 kr. 9.500.00“.

Í sambandi við, að hjónin tóku upp sambúð að nýju á árinu 1960, gerðu þau með sér kaupmála, sem er dags. 12. marz 1960, og tilkynntu 27. apríl s. á., sbr. dskj. nr. 3, og hljóðar meginmál hans svo:

„Kaupmáli:

1. Séreign mín, Dagfinns, og utan hjúskapareignar skal vera hálf t húsíð nr. 41 við Sólheima hér í bæ. Jafnframt ber mér einum að sjá um greiðslu helmings áhvílandi skulda. Verðmæti hússins háls telst vera kr. 180.000.00, en fasteignamat er ekki fyrir hendi, þar sem byggingu þess er enn ekki lokið. Þá skulu vera séreign mín, Dagfinns, og utan hjúskapareignar hlutabréf í Loftleiðum h.f. að nafnverði kr. 50.000.00 og auk þess öll þau hlutabréf, er ég síðar kann að eignast í því félagi.

Enn skal vera séreign mín allt það fé, er ég kann að erfa frá ættingjum mínum.

2. Séreign mín, Soffíu Sigurrósar, og utan hjúskapareignar skal vera allt það fé, er ég kann að erfa.

3. Að öðru leyti skal fara um fjármál okkar samkvæmt ákvæðum laga um fjármál hjóna“.

Þar sem ekki er deilt um, að maðurinn eigi sem séreign hálfa húseignina nr. 41 við Sólheima og hlutabréfaeign í Loftleiðum h/f að nafnverði kr. 50.000.00, eru atriðin aðeins tvö, sem um er deilt, annars vegar er séreign mannsins á hlutabréfum í Loftleiðum h/f umfram kr. 50.000.00, og hins vegar eru réttindi í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna, og verður nú fjallað um þessi efni hvort fyrir sig og í ofangreindri röð.

II.

Lögmaður sóknaraðilja hefur haldið því fram, að það hafi verið alger forsenda af hálfu umbjóðanda hans fyrir því, að hann tæki aftur upp sambúð við konuna, að kaupmáli væri gerður. Hefur sóknaraðili jafnframt haldið því fram, að hann hafi greitt konunni allt að kr. 200.000.00 í peningum við skilnaðinn 1959 samkvæmt skilnaðarsamningnum auk barnsmeðlaga og framfærslueyris til konunnar og hafi séreign hans átt að jafna metin eftir það. Til styrktar kröfu sinni hefur sóknaraðili um hlutafjár-

eignina vitnað til ákvæða 29. gr. laga nr. 20/1923, sbr. lög nr. 10 14. marz 1962, 1. gr., en þar segir: „Með kaupmála, sem gerður er á undan hjúskap, eða meðan hjúskapur stendur, geta aðilar ákveðið, að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli verða séreign þess . . .“. Telur sóknaraðili, að þetta ákvæði eigi hér við, þar sem hér sé um einstaklega ákveðna muni að ræða, þar sem hlutabréfin séu, en ekki ákvæði 3. mgr. 30. gr. Þá hefur sóknaraðili haldið því fram, að hlutabréf þau, er hann hafi eignast eftir gerð kaupmálans, séu ýmist aukningar- (jöfnunar) hlutabréf eða greidd af arði hlutabréfanna og félagsbúinu því óviðkomandi. Kom þá einnig í ljós, að bréfin eru öll skráð á nafn Dagfinns Stefánssonar.

Ekki hafi því heldur verið haldið fram með rökum, að kaupmálinn væri ekki gildur vegna þess, að ógildingarástæður væru til staðar eða annað, er ylli ógildi hans. Einnig hefur sóknaraðili skírskotað til vitnaskýrslu Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns um áskrift hlutabréfanna, og verður vikið að því síðar.

Varnaraðili hefur viðurkennt séreign sóknaraðilja að hlutabréfaeign í Loftleiðum h/f að fjárhæð kr. 50.000.00 að nafnverði, eins og áður greinir, en hefur andmælt kröfu sóknaraðilja um frekari séreign í hlutabréfum. Varnaraðili andmælir því, að sóknaraðili hafi verið búinn að skrifa sig fyrir frekari hlutafjárkaupum, þegar kaupmálinn var gerður, eða að varnaraðili hafi samþykkt slík kaup. Hann telur ákvæði kaupmálans, er kveður svo á, að hlutabréf, er sóknaraðili síðar kunnir að eignast í Loftleiðum h/f, verði séreign mannsins, séu ógild samkvæmt 3. mgr. 30. gr. laga nr. 20/1923 um fjármál hjóna o. fl. og hefur skírskotað til þess, að sóknaraðili hafi enga séreign átt, er hann hafi varið til þessara hlutabréfakaupa. Ekki hafi arður af hlutabréfaeigninni heldur orðið séreign stefnanda, þar sem það sé ekki fram tekið í kaupmálanum, sbr. 2. mgr. 23. gr. nefndra laga. Þá hefur varnaraðili skírskotað til þess, að gagnaðilja hafi verið í lófa lagið að setja í kaupmálann það hlutafé, er hann hafi þá verið búinn að skrifa sig fyrir, ef eitthvað hefur verið, enda hefði honum borið að gera það, ef þau bréf hefðu átt að verða séreign hans.

Uppskrift á búi aðilja fór fram dagana 4. og 8. marz 1968, og er hlutafjáreignin í Loftleiðum h/f talin þar kr. 679.000.00, sbr. dskj. nr. 10, en samkvæmt lista, er sóknaraðili lagði síðar fram í málinu, dskj. nr. 13, sbr. endurrit skattframtals 1968, dskj. nr. 6, er hlutafjáreignin sem hér segir:

Hlutabréf 210-214, ódagsett	kr. 5.000.00
Hlutabréf, keypt í júní 1954, útgefin 3. júní 1954 —	33.000.00
Hlutabréf, útgefin 1960	— 200.000.00
Nafnskráð hlutabréf, útgefið 1948	— 5.000.00
Jöfnunarhlutabréf, útgefin 1. desember 1966	— 486.000.00

Samtals kr. 729.000.00

Eftir endurupptöku málsins mætti sóknaraðili í rétti 8. þ. m. með hlutabréfin, og var þá gerð svohljóðandi skrá yfir þau:

Númer	Nafnverð	Útgefin	Samtals
210-214	kr. 1.000.00	30. 05. 1944	kr. 5.000.00
439-443	— 1.000.00	15. 06. 1948	— 5.000.00
992-999	— 1.000.00	03. 06. 1954	— 8.000.00
1001-1004	— 1.000.00	03. 06. 1954	— 4.000.00
1008-1028	— 1.000.00	03. 06. 1954	— 21.000.00
2403-2602	— 1.000.00	01. 09. 1961	— 200.000.00
425-427	— 10.000.00	01. 12. 1966	— 480.000.00
10	— 5.000.00	01. 12. 1966	— 5.000.00
4092	— 1.000.00	01. 12. 1966	— 1.000.00

Alls kr. 729.000.00

Eins og sést af þessum skýrslum, virðist sóknaraðili ekki hafa átt nema í mesta lagi hlutabréf fyrir kr. 43.000.00, þegar kaupmáli var gerður í marz 1960. Hins vegar hefur sóknaraðili lagt fram óstaðfest endurrit úr fundargerðabók Loftleiða h/f frá hluthafafundi 18. janúar 1958, þar sem samþykkt er að auka hlutaféð úr 2 milljónum í 4 milljónir króna og stjórn félagsins falið að efna til útboðs á hlutafjárukanum meðal hluthafa, sbr. dskj. 14, og enn fremur hefur sami aðili lagt fram ljósrit af skrá, þar sem hann skráir sig fyrir hlutafjárukauningu, og er dags. á þessu skjali 23. janúar 1958, sbr. dskj. nr. 15. Á því skjali hefur sóknaraðili skráð sig fyrir hlutafjárkaupum að fjárhæð kr. 250.000.00. Af þessari fjárhæð hefur sóknaraðili síðan raunverulega keypt hlutabréf að fjárhæð kr. 200.000.00, eftir því er upplýst er í málinu, og hefur þannig átt hlutabréf að fjárhæð kr. 243.000.00 fyrir, þegar jöfnunarhlutabréfin voru gefin út, en hækkunin nam 200%, eða alls kr. 486.000.00.

Verður þá vikið að því, er fram hefur komið í skýrslum aðilja og vitnaskýrslum um þetta efni.

Konan hefur í skýrslu sinni í skiptaréttinum skýrt svo frá í höfuðdráttum: Eftir að hún skildi við sóknaraðilja í septembermánuði 1959, fór hún til Kaliforníu, þ. e. 27. nóvember s. á., og var vestanhafs til 10. janúar 1960. Meðan varnaraðili dvaldi í Kaliforníu, hringdi sóknaraðili til hennar og bauð henni að koma til New York og dvelja þar yfir nýárið og lofaði að greiða kostnaðinn. Hún kom svo samkvæmt samtali til New York og var þar nokkra daga og hélt til í hótélherbergi Dagfinns. Á þessum tíma bauð Dagfinnur konunni, að þau tækju upp sambúð að nýju, og varð það að samkomulagi með þeim, og fór hún heim til Íslands 10. janúar. Fyrst í stað settist konan að á heimili móður sinnar. Þá skýrði konan svo frá, að kaupmálinn hafi verið undirritaður daginn áður en hún fór aftur til sambúðar við Dagfinn að Sólheimum 41.

Aðspurð um, hvort konan hefði notið aðstoðar lögfræðings við gerð kaupmálans, kannaðist hún ekki fyrst við, að annar lögmaður hafi verið þar við en Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, er var með Dagfinni, en eftir að konunni hafði verið kynnt vottorð Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns á dskj. nr. 17, er síðar verður að vikið nánar, sagði hún fyrst, að hana minnti, að Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður hefði verið viðstaddur, en því næst sagði hún ákveðið, að nefndur Þorvaldur hefði verið viðstaddur og bróðir hennar, Davíð Sigurðsson. Þá neitaði konan því algerlega, að rætt hafi verið um það í sambandi við kaupmálagærðina, að Dagfinnur ætlaði að eignast aukið hlutafé í Loftleiðum h/f. Einnig neitaði konan því eindregið, að hún hafi haft vitneskju um, að Dagfinnur hafi skrifað sig fyrir aukahlutafé árið 1958 og sagði, að hann hafi aldrei rætt um það við hana. Þá skýrði konan svo frá, að um sumarið 1959, áður en þau skildu samvistum, hafi maðurinn talað um það við hana að kaupa meira af hlutabréfum í Loftleiðum h/f, og sagðist hún hafa neitað því algerlega, en ekki kvaðst hún þá hafa vitað, hvað hann mundi gera þrátt fyrir nefnda afstöðu hennar. Þá neitaði konan því einnig, að Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður hafi aflað upplýsinga fyrir hana um pantanir Dagfinns á hlutabréfum í Loftleiðum h/f.

Um atvik að því, að þau hjónin tóku upp sambúð að nýju og hvenær það var, ber skýrslu mannsins að mestu saman við skýrslu konunnar, sem að framan er rakin, hann kvaðst þó ekki muna, hvort þeirra hóf fyrst máls á því að taka aftur upp sambúð. Maðurinn sagðist hafa í samtölum þeirra í New York sagt,

að hann tæki ekki aftur upp sambúð við konuna, nema kaupmáli yrði gerður með þeim, en hún hafi tekið því illa. Eftir að heim kom, ræddu þau þetta efni aftur, og sagði maðurinn, að konan hafi þá tekið betur í það og hafi hún að lokum skrifað fúslega undir kaupmálann. Jafnframt sagði maðurinn, að þegar þau hafi rætt þetta efni fyrst, hafi konan sagt, að hún vildi athuga þetta betur, áður en hún tæki ákvörðun. Þá segir svo í aðiljaskýrslunni:

„Þá er mættur spurður um í sambandi við gerð kaupmálans, hvort rætt hafi verið við konuna um, að hann myndi eignast fleiri hlutabréf í Loftleiðum en hann fyrir átti, og segir mættur, að svo hafi verið, að þau hafi rætt þetta, og segir aðspurður í þessu sambandi, að hann hafi sagt konunni frá áskrift sinni að hlutabréfum, sbr. dskj. nr. 15. Hann tekur fram í þessu sambandi, að hann hafi ekki vitað, hvað hann fengi mikið af hlutabréfum, og segir, að raunin hafi orðið sú, að hann hafi fengið kr. 200.000.00.

Hann segir, að þetta hafi verið ástæðan fyrir því, að sett var í kaupmálann, „að hlutabréf, er hann síðar kunni að eignast“ í nefndu félagi „skulu verða séreign hans“. Þá sagði maðurinn, að konan hafi vitað, þegar hann skrifaði sig fyrir bréfunum 1958 og að þá hafi verið talið sjálfsagt, að hann keypti þessi hlutabréf fyrst hann átti kost á þeim. Einnig sagði maðurinn, að eitt sinn, er hann hafi rætt þetta, hafi konan spurt hann, hvaða fé hann hefði til að borga bréfin með, og hafi hann þá sagt henni, að hann hefði möguleika á víxilláni til að borga þau með og jafnframt hafi hann gert henni ljóst, að hlutabréfin myndu borga sig sjálf með arði sínum“.

Í réttarhaldi í málinu 8. þ. m. var sóknaraðili spurður um, hvaða fé hann hefði varið til kaupa á hlutabréfunum að nafnverði 200.000.00 kr., dags. 1. september 1961, og skýrði hann svo frá, að hann hefði fengið víxillán til þess, það lán hafi síðan verið greitt með arði af bréfunum og að einhverju leyti með sjálfsaflafé hans.

Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, fyrrverandi hæstaréttarlögmaður, hefur borið vitni í málinu, en hann var lögmaður sóknaraðilja við fyrri hjónaskilnaðinn og gerð kaupmálans, er í máli þessu getur, og segir þar:

„Að á árinu 1959 hafði ég með að gera skilnaðarmál Dagfinns Stefánssonar flugstjóra og Soffíu S. Haraldsdóttur. Var ég lögmaður Dagfinns og Þorvaldur Lúðvíksson hrl. lögmaður Soffíu. Fjárskipti gengu erfiðlega, og var félagsbúi þeirra í upphafi vísað

til skiptaréttarins. Búið var skrifað upp og fasteign þess metin til fjár. Eftir það tókst þó samkomulag, eins og fram kemur á dskj. 11 frá 16. sept. 1959. Ég hefi athugað bækur lögmannsskrifstofu þeirrar, er ég rak á þeim tíma, og hefi ég greitt Þorvaldi Lúðvíkssyni hrl. vegna Soffíu þær kr. 120.000.00, er um getur í lið 3 í samkomulaginu, og ennfremur afhent honum veðskuldabréf (að) kr. 95.000.00 óstimplað og óþinglesið og jafnframt afhent honum fé til að greiða með þinglýsingu og stimplun. Um víxil kr. 80.000.00 man ég ekki örugglega, en minnir helst, að Dagfinnur hafi samþykkt slíkan víxil, sem afhentur var Þorvaldi. Snemma á árinu 1960 ræddi Dagfinnur við mig og kvað þau hjónin hafa tekið upp sambúð að nýju og að þau vildu gera kaupmála um fjárskipti sín. Ég mun hafa haft samband við Þorvald Lúðvíksson hrl., og gerðum við saman drög að kaupmálanum á dskj. nr. 3. Munu umræður um þetta hafa tekið nokkurn tíma, án þess að ég muni einstök atriði, nema það, að fram kom, að Dagfinnur hafði skráð sig fyrir aukningarhlutafé í Loftleiðum h.f., og urðu nokkrar umræður um það milli okkar Þorvalds, sem að endingu var leyst, eins og segir í kaupmálanum. Ég minnst þess ekki að hafa rætt við frú Soffíu um hlutabréf þessi og minnst þess ekki, að Soffía hafi verið viðstödd umræður um þau. Ég minnst þess ekki, að við gerð samkomulagsins á dskj. 11 og kaupmálans á dskj. 3 hafi verið rætt um lífeyrissjóðsréttindi Dagfinns“.

Vitnið minntist þess ekki, að fram kæmi, fyrir hve miklu hlutafé Dagfinnur hefði skrifað sig. Þá sagði vitnið, að það hefði ekki vitað til, að frú Soffía væri andvíg gerð kaupmálans, enda hafi það lítið eða ekkert rætt við hana um efni kaupmálans, en vitnið tók fram, að þau hjónin hafi bæði komið í lögmannsskrifstofu þess og skrifað undir kaupmálann.

Í vottorði Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, er var lögmaður konunnar við skiptin í sambandi við skilnaðinn 1959, segir svo, sbr. dskj. nr. 17:

„Í sambandi við búskipti milli þeirra hjóna og eftirfarandi samkomulag þeirra á árinu 1960, er þau tóku upp sambúð aftur, var það sérstaklega sannreynt af mér hjá h.f. Loftleiðum, að Dagfinnur hafði ritað sig fyrir aukningarhlutafé í Loftleiðum h.f. að fjárhæð kr. 200.000.00 eða 250.000.00 að því er mig minnir. En hlutabréfin voru þá eigi greidd. Um þetta var konunni vel kunnugt, þar sem eftirgrennslanir mínar voru samkvæmt ábendingu hennar“. Í vitnaskýrslu sinni, þar sem Þorvaldur Lúð-

víksson hæstaréttarlögmaður staðfesti vottorð sitt, sbr. dskj. nr. 17 og 23, tók hann fram, að það hafi verið í sambandi við samning um fjárskipti milli hjónanna 1959, að hann hafi kynnt sér áskrift mannsins á hlutabréfum í Loftleiðum h/f og hlutabréfaeign hans þar. Þá upplýsti vitnið, að Soffía, varnaraðili, hafi haft samband við hann og rætt við hann áform hennar að taka upp að nýju sambúð við Dagfinn, en hann hafi ekki verið ráðunautur hennar við gerð kaupmála þess, sem málsaðiljar gerðu með sér í því sambadi.

Gögn málsins og málflutningur aðilja hefur snúizt töluvert um fjárskipti aðiljanna við fyrri hjónaskilnaðinn og greiðslur mannsins til konunnar þá, sem af hálfu lögmanns sóknaraðilja eru færðar fram sem ein af ástæðum til kaupmálans. Upplýst er, að maðurinn fékk óumdeilt sem séreign hálfa húseignina nr. 41 við Sólheima. Þegar tekið er tillit til þess og þess, sem fram hefur komið um greiðslur mannsins til konunnar, sem að vísu er ekki fyllilega upplýst um, en virðist hafa numið 160—200 þús. kr., svo og þess, að lögfylgjur þess skilnaðar teljast niður fallnar við, að hjónin tóku upp sambúð að nýju, þá verður þetta efni ekki talið hafa þýðingu við úrlausn deiluefnisins.

Við munnlegan flutning málsins lagði lögmaður varnaraðilja nokkra áherzlu á að færa rök að því, að kaupmálinn væri ekki gildur vegna þess, að ýmsar ógildingarástæður hefðu verið til staðar. Ekki verður þó talið, að lögmaðurinn hafi fært nægileg rök að þessum málsástæðum, og verða þær því ekki teknar til greina, enda verður að telja, að þær séu of seint fram komnar.

Eins og fram kemur að framan, skírskotar sóknaraðili, að því er þetta efni varðar, einkum til ákvæða 29. gr., 1. mgr., laga nr. 20/1923, sbr. lög nr. 10 14. marz 1962, 1. gr. Varnaraðili skírskotar hins vegar einkum til ákvæða 3. mgr. 30. gr. sömu laga. Telja verður, að það sé nægilega upplýst í gögnum málsins, enda ekki mótmælt af varnaraðilja, að það hafi verið af arði hlutabréfaanna og sjálfsaflafé mannsins, en það verður að teljast hafa verið hjúskapareign mannsins, sem hann hafi varið til kaupa á hlutabréfunum, er út voru gefin 1. september 1960, og verður þá að álykta, að hlutabréfin hafi orðið séreign mannsins við kaupin samkvæmt ákvæðum kaupmálans. Ákvæði 3. mgr. 30. gr. nefndra laga um, að bannað sé að ákveða með kaupmála, að það, sem annað hjóna framvegis kunni að eignast, skuli endurgjaldslaust verða séreign hins, þykja því ekki eiga hér við.

Við framhaldsmeðferð málsins hefur verið leitazt við að upp-

lýsa, hver hafi verið tilætlun hjónanna hvors um sig, að því er varðar kaup á hlutabréfum í Loftleiðum h/f, og má segja, að þar um standi staðhæfing gegn staðhæfingu í skýrslum aðiljanna, sbr. að framan, og ekki þykir vitnisburður Þorvalds Lúðvíks-sonar skera úr þar um. Þetta verður þó ekki til að valda úrslitum, enda má varnaraðili hafa reiknað með því, að sérstaklega með tilvísan til þess, að gagnaðili hafði starf sitt hjá nefndu félagi og hafði þegar gerzt hluthafi í því, að hann héldi áfram kaupum á slíkum bréfum, ef hann hefði aðstöðu til þess og notfærði sér ákvæði kaupmálans varðandi það efni. Þegar þetta er virt, er nú hefur verið rakið, þykir eiga að taka kröfu sóknaraðilja um þetta efni til greina að fullu.

III.

Skal nú vikið að kröfum aðilja varðandi réttindi sóknaraðilja í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna.

Sóknaraðili hefur haldið því fram sem rökum fyrir aðalkröfu sinni, að hér sé um bundið fé að ræða, sem hann ráði ekki yfir og komi því aðeins til útborgunar, að sérstök skilyrði séu fyrir hendi. Það sé sem sé bundið við líf og starf hans. Hér sé því ekki um eiginlega eign að ræða, heldur skilyrtan kröfurétt og séu skilyrði fyrir útborgun úr sjóðnum ekki fyrir hendi.

Fram hefur verið lögð í málinu reglugerð fyrir Lífeyrissjóð atvinnuflugmanna, dskj. nr. 12 og 28. Í 2. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um tilgang sjóðsins sem hér segir: „1) Að tryggja flugmönnum rétt til lífeyris, frá því þeir láta af störfum sem flugmenn og þar til þeir verða 67 ára, sbr. þó 1. mgr. 7. gr. 2) Að tryggja börnum og mökum flugmanna lífeyri, ef flugmaðurinn fellur frá“.

Í 7. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um greiðslur úr sjóðnum, m. a. um skilyrðin, sem þurfa að vera fyrir hendi til að greiða megi úr honum. Eru meginskilyrðin tvö í samræmi við tilgang sjóðsins, er að framan greinir. Fyrsta tilvikið er, ef flugmaður hættir flugstörfum í lífanda lífi, á hann rétt á að fá greiddan lífeyri úr sjóðnum, enda sé hann þá minnst 50 ára að aldri eða hafi tapað 25% eða meiru af starfsorku sinni. Hitt tilvikið er, þegar flugmaður deyr, hvort heldur er meðan hann er starfandi flugmaður eða eftir að hann hefur hætt flugstörfum, þá skal allur lífeyrisréttur hans í sjóðnum ganga til aðstandenda hans eftir þeim reglum, er í greininni getur nánar. Fyrst skulu börn, sem flugmaður hafði á framfæri sínu, hljóta lífeyri, sem svarar lög-

ákveðnum meðalmeðlögum með óskilgetnum börnum til 16 ára aldurs. „Sé hinsvegar meiri inneign í sjóðnum, skiptist afgangurinn milli erfingja flugmannsins eftir sömu reglum og erfðafé ...“.

Í reglugerðinni, 9. gr., segir svo: „Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfu samkvæmt reglugerð þessari, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt“.

Varnaraðili hefur í síðari greinargerð sinni og endanlegum málflutningi ekki andmælt því, að lífeyrisréttindin sem slík tilheyri sóknaraðilja, þar sem þetta séu réttindi persónulegs eðlis, en hefur krafizt þess, að hún fái að afnámi kr. 335.000.00 vegna lífeyriskaupanna.

Áður en varnaraðili gerði þessar kröfur, fékk hún útnefnda matsmenn „til að meta til fjár verðgildi innstæðuréttar Dagfinns Stefánssonar í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna“, og var ætlað til, að aflað yrði vitneskju um, „hversu mikið fé Dagfinnur hefur alls greitt í sjóðinn“. Samkvæmt þessu hefur verið gerð matsgerð af matsmönnum þeim, er útnefndir voru af borgardómara, þeim Guðjóni Hansen tryggingafræðingi og Stefáni M. Stefánssyni borgardómara, og hefur hún verið lögð fram sem dskj. nr. 21, og hljóðar meginmál hennar svo:

„Þann 30. nóv. 1970 vorum við undirritaðir dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur „til að meta til fjár verðgildi innstæðuréttar Dagfinns Stefánssonar í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna“. Jafnframt var óskað vitneskju um, hversu mikið fé Dagfinnur hefur alls greitt í sjóðinn.

Með bréfi, dags. 18. dec. 1970, fóru matsmenn fram á að fá nokkrar upplýsingar um innistæðu Dagfinns í lífeyrissjóðnum og um önnur atriði. Með bréfi Gunnars R. Magnússonar, dags. 11. febrúar 1971, voru umbeðnar upplýsingar gefnar. Bréf þessi eru fylgiskjöl með matsgerð þessari.

Þann 3. marz 1971 voru umboðsmenn aðila boðaðir á fund matsmanna. Þar lýstu þeir sjónarmiðum sínum í stuttu máli varðandi matsmál þetta og gáfu umbeðnar upplýsingar.

Dagfinnur Stefánsson og Soffía Haraldsdóttir fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng með bréfi, útgefnu af dómsmálaráðuneytinu 28. febrúar 1968. Innistæða Dagfinns í lífeyrissjóðnum nam þá (iðgjald að meðtöldum vöxtum) um kr. 1.010.000.00.

Dagfinnur er fæddur 22. nóvember 1925 og var því 42 ára gamall, er skilnaðurinn var veittur.

Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna er sérstæður fyrir þá sök, að inneign sjóðfélaga verður í aðalatriðum að teljast séreign hans í sjóðnum. Sjóðfélagi greiðir sjálfur til sjóðsins 10% af launum, þar við bætist jafnhátt framlag atvinnurekanda, og við þessi fjárframlög bætast loks vextir. Þessar fjárhæðir verða inneign viðkomandi í sjóðnum. Þess skal getið, að framlag sjóðfélaga er frádráttarbært við skattálagningu á tekjur hans.

Þegar meta skal verðgildi slíkrar innistæðu, þykir rétt að líta til þess, með hverjum hætti hún getur orðið virk, en í lífanda lífi sjóðfélaga getur hún orðið það með tvennum hætti:

A. Ef sjóðfélagi er orðinn 50 ára að aldri og hættur flugstörfum eða hefur misst 25% eða meir af starfsorku, þótt hann sé enn ekki fullra 50 ára. Er þá miðað við, að sjóðfélagi fái sömu upphæð greidda árlega, þar til hann verður 67 ára, nema sjóðfélagi óski sjálfur eftir því að dreifa greiðslum á lengra tímabil. Ekki má þó dreifa greiðslum á skemmra tímabil en 10 ár. Greiðslur, sem sjóðfélagi fær þannig úr sjóðnum, munu í raun vera skattskyldar. Sjóðfélagi er ekki skyldur til að taka greiðslur úr sjóðnum, þó hann eigi rétt til þess.

B. Sjóðfélagi mun geta fengið veðlán úr sjóðnum allt að þeirri inneign, sem hann á hverjum tíma á inni í sjóðnum. Þetta gildir þó aðeins fyrir þá sjóðfélaga, sem hafa 10 ára starf að baki, og nokkuð strangar kröfur eru gerðar til veðsins. Vextir af slíku láni eru frádráttarbærir við skattálagningu á tekjur sjóðfélaga, en hins vegar leggjast vextir af slíku láni, að frádregnum rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins, við innistæðu sjóðfélaga í lífeyrissjóðnum og koma þannig honum sjálfum til góða.

Innistæðueign í sjóðnum svipar til sparisjóðsinnistæðu, sem væri bundið í banka með þeim hætti, sem rakinn er í A, en þó gilda eigi sömu skattreglur. Eins og rakið var, átti Dagfinnur þess kost að fá greiðslur úr sjóðnum eftir tæp átta ár miðað við 28. febr. 1968.

Ónotuð lánaréttindi Dagfinns í sjóðnum miðað við sama tíma námu samkvæmt B kr. 821.500.00. Það losar enn um bindingu fjárens, að Dagfinnur átti rétt á slíku láni. Veðlán þessi eru yfirleitt veitt til 20 ára. Af skattskýrslum Dagfinns eru líkur fyrir því, að honum hefði verið unnt að taka slíkt lán, en að vísu kann aðstaða hans til þess að hafa versnað við skilnaðinn.

Þegar allt framanritað er virt, þykir verðgildi innistæðu Dagfinns í sjóðnum þann 28. febr. 1968 hæfilega metið á kr. 670.000.00.

Matsmenn hafa aflað upplýsinga um, hversu mikið fé Dagfinnur hefur greitt í Lífeyrissjóð atvinnuflugmanna. Dagfinnur gerðist sjóðfélagi á árinu 1953. Þann 28. febrúar 1968 nam framlag hans í sjóðinn án vaxta um kr. 362.500.00“.

Með tilvísan til þess, sem að framan greinir, þar á meðal um afstöðu málsaðilja til þessa málsatriðis að lokum, verður að fallast á það með sóknaraðilja, að lífeyrisrétturinn sjálfur tilheyri honum einum sem persónuleg réttini, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 20/1923. Þer því að taka afstöðu til kröfu varnaraðilja, er gerð var undir rekstri málsins, eftir að málið kom frá Hæstarétti, um greiðslu af óskiptu vegna lífeyriskaupa mannsins.

Eins og leiðir af reglugerðinni, er að framan greinir, sbr. og matsgerðina, hefur réttur mannsins að verulegu leyti orðið til með beinum fjárframlögum hans og vöxtum af því fé, og jafnvel mætti líta svo á, að greiðslur atvinnuveitandans hans vegna til sjóðsins væru óbeint greiðslur til hans. Með vísan til þessa, sbr. 17. gr., 2. mgr., 19. gr. og 53. gr. margnefndra laga, verður dómurinn að fallast á það með varnaraðilja, að hún eigi rétt til nokkurs endurgjalds af óskiptu vegna greindra lífeyriskaupa gagnaðilja. Með hliðsjón af framangreindu mati, sem ekki hefur verið mótmælt, þykir rétt að taka kröfu varnaraðilja um þetta efni til greina að fullu.

Samkvæmt framanskráðu ber að viðurkenna, að hálf húseignin nr. 41 við Sólheima í Reykjavík og öll hlutabréfin í Loftleiðum h/f, sem skráð eru á nafn sóknaraðilja, að nafnverði kr. 729.000.00, séu séreign hans og að réttindin í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna séu persónuleg réttindi hans og tilheyri þessir fjármunir ekki félagsbúi aðiljanna. Hins vegar ber varnaraðilja kr. 335.000.00 af óskiptu úr félagsbúi aðiljanna.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðurinn var kveðinn upp af Sigurði M. Helgasyni borgar-fógeta og meðdómsmönnum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda og hæstaréttarlögmanni, og Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi.

Því úrskurðast:

Hálf húseignin nr. 41 við Sólheima í Reykjavík og öll hlutabréfin í Loftleiðum h/f, sem skráð eru á nafn sóknar-

aðilja, að nafnverði kr. 729.000.00, eru séreign sóknaraðilja, Dagfinns Stefánssonar, og réttindin í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna eru persónuleg réttindi hans, og falla fjármunir þessir utan skipta á félagsbúi aðiljanna. Varnaraðilja, Soffiu Haraldsdóttur, ber kr. 335.000.00 af óskiptu úr félagsbúi aðiljanna.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 7. júní 1972.

Nr. 201/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ingólfi Lórentz Lilliendahl

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Bogi Nílsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Eigi þykja efni til að sinna kröfu ákærða um framhaldsrannsókn í máli þessu.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, er hann fæddur 27. júní 1931.

Með dómi sakadóms Akureyrar, uppkveðnum 21. febrúar 1966, var ákærði dæmdur sekur um brot á 2. málsgr., sbr. 4. málsgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 svo og um brot á 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Var refsing ákveðin 10 daga varðhald, og sviptur var hann ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu. Hefur sá refsisdómur ítrekunaráhrif á brot það, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.